



NÁMSKRÁ

AÐ LESA OG SKRIFA Á ÍSLENSKU

 FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI





Nafn námskrár:

Að lesa og skrifa á íslensku

Námskrá númer 16-35-1-100.

Vinnustundir námsmanns:

100 klukkustundir.

Hverjum ætlað:

Fólki af erlendum uppruna, eldri en 20 ára sem er ólæst eða illa læst á latneskt letur.

Fjöldi eininga:

Allt að 5 framhaldsskólaeiningar.

Útgefandi:

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

2. útgáfa, 2016.



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

MENNTUN Á VINNUMARKAÐI



Efnisyfirlit

Námskrá	1
Skipulag	2
Hæfniviðmið náms	2
Námsmat	2
Frjálst val	2
Námsþættir	4
Lestur	5
Skrift	6
Viðaukar	7
Hæfnipættir námsþátta.....	8
Leiðbeiningar til kennara.....	10



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

Námskrá

Að lesa og skrifa á íslensku lýsir námi, á 1. þrepi hæfniramma um íslenskt menntakerfi. Námið er ætlað fólki af erlendum uppruna sem er 20 ára og eldra og er ólæst eða illa læst á latneskt letur. Náminu er ætlað að auka hæfni námsmanna til að lesa og skrifa á íslensku og öðlast öryggi í framburði íslenskra hljóða. Í náminu er lögð áhersla á að námsmenn læri grunn í lestrar- og skriftartækni, þekki og þjálfí íslensk málhljóð og framburð og efli tölvufærni sína, sem og sjálfstraust sitt.

Námskráin er 100 klukkustunda löng, skipt í tvo námsþætti. Umfang námsins samsvarar 5 eininga námi á framhaldsskólastigi.

Skipulag

Námið er fyrst og fremst bóklegt og lögð er áhersla á eftirfarandi þætti: hljóðkerfis- og hljóðavitund, umskráningu, lesfimi, orðaforða, lesskilning og ritun. Jafnframt er lögð áhersla á fjölbreytilegar aðferðir sem hver um sig miðar að því að efla þessa þætti. Til að koma til móts við þarfir markhópsins er æskilegt að samhliða þjálfun í lestri og skrift gefist þeim kostur á íslenskukennslu. Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins. Fræðsluaðili tryggir gæði náms og felur starfsfólki á sínum vegum verkstjórn sem felur í sér undirbúning, kynningu, framkvæmd og eftirfylgni námsins. Hann skipuleggur hversu miklum tíma námsins er varið undir leiðsögn leiðbeinenda annars vegar og í sjálfstætt nám hins vegar. Æskilegt er að samþætta námsþætti námskrárinnar. Einhver heimavinna getur fylgt náminu en hún getur verið breytileg eftir námsþáttum og einstaklingum.¹

Hæfniviðmið náms

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- bókstöfum, tölustöfum, helstu stærðfræðitáknum og greinarmerkjum í íslensku.
- gagnsemi smáforrita og kennsluforrita við þjálfun í lestri og ritun.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa stutt orð og einfaldar setningar.
- handskrifa og skrifa á lyklaborð tölvu stutt orð og einfaldar setningar.

Námsmaður skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tengja máhljóð saman og lesa stutt orð og einfaldar setningar.
- skrifa stóran staf í upphafi setningar og eiginnafna.
- skrifa stutt orð og einfaldar setningar á læsilegan hátt, til dæmis stutt skilaboð eða setningar við mynd.
- nýta tölvu og einföld forrit til að skrifa.

Námsmat

Námsárangur og námsframvinda eru metin með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsins, með fjölbreyttum matsaðferðum. Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni námsmanna. Æskilegt er að stöðumat fari fram áður en námið hefst, þannig gefst námsmönnum tækifæri til að fylgjast með framförum og fá einstaklingsbundna leiðsögn um framhaldið.

Frjálst val

Skipuleggjanda er heimilt að gera breytingar sem nema allt að 10% af heildarlengd námsins ef þær fara ekki í bága við markmið eða tilgang þess. Breytingar sem nema meira en 10% eru aðeins heimilaðar með samþykki Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

¹ Gert er ráð fyrir 20 klukkustunda heimavinnu og 80 klukkustunda vinnu með leiðbeinanda.



Námsþættir

Nafn námsþáttar	Skammstöfun	Klst.	Prep
Lestur	F-ÍSLÚ1BT_2	50	1
Skrift	F-ÍSLÚ1BS_3	50	1
Vinnuframlag námsmanns		100	

Lestur

Prep	1
Vinnustundir	50, þar af 10 í heimavinnu
Námsgrein	Íslenska fyrir útlendinga
Viðfangsefni	Bókstafir, tölustafir, orð, setningar

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að þjálfa lestrarfærni námsmanna. Áhersla er lögð á að námsmenn læri vel hljóðstöðu fyrir íslensk máhljóð til að ná tökum á framburði. Mikilvægt er að hver og einn námsmaður fái næg tækifæri til að þjálfa hæfni sína í lestri með því að lesa upphátt. Með auknu sjálfstrausti og samvinnu innan hópsins verður upplestur auðveldari fyrir hvern og einn. Endurtekning skiptir höfuðmáli og sjálfsagt er að rifja upp stafrófið, stutt kunnugleg orð og tölustafina í hverjum tíma. Til dæmis getur verið mjög gagnlegt fyrir þátttakendur að fara vel yfir hvernig eigið nafn, heimilisfang og fæðingardagur eru lesin, sem og að lesa eigin kennitölu og símanúmer. Jafnframt er lögð áhersla á að nýta ýmiskonar tölvuforrit til að æfa lestur.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Heiti stafanna.
- Mun milli sérhljóða og samhljóða.
- Heiti tölustafanna.
- Gagnsemi snjalltækja og kennsluforrita við þjálfun í lestri.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Bera máhljóð íslensku stafanna rétt fram.
- Lesa frá vinstri til hægri.
- Lesa stutt og kunnugleg orð.
- Lesa einfaldar setningar.
- Lesa upphátt og í hljóði.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Tengja máhljóð saman og lesa stutt orð og einfaldar setningar.

Skrift

Prep	1
Vinnustundir	50, þar af 10 í heimavinnu
Námsgrein	Íslenska fyrir útlendinga
Viðfangsefni	Bókstafir, tölustafir, orð, einföld stærðfræðitákn.

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að þjálfra skrift og ritunarfærni námsmanna. Áhersla er lögð á að námsmenn nái tökum á að skrifa stafi á línu og tengja þá saman í orð. Það getur verið fullorðnum námsmönnum erfitt að þjálfra upp færni í að skrifa með blýanti sem þó er mikilvægt að þjálfra en í daglegu lífi er jafnvel meiri þörf fyrir að geta skrifað á lyklaborð tölvu. Því er lögð áhersla á að nýta ýmiskonar tölvuforrit til að æfa ritun. Fjölbreyttar aðferðir við að vinna með stafagerðir eru gagnlegar til að festa þær í minni námsmanna.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mun á stórum og litlum staf.
- Helstu greinarmerkjum í íslensku eins og punkti og spurningarmerki.
- Táknunum fyrir jafnt og, plús og mínus í ritmáli.
- Gagnsemi smáforrita og kennsluforrita við þjálfun í ritun.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Skrifa stóra og litla bókstafi og tölustafi á læsilegan hátt.
- Skrifa á línu frá vinstri til hægri.
- Skrifa eigið nafn, heimilisfang, kennitölu og símanúmer.
- Skrifa stutt og kunnugleg orð á læsilegan hátt.
- Aðgreina orð með bil á milli orða.
- Nota lyklaborð tölvu til að skrifa stóra og litla bókstafi, tölustafi og gera bil á milli orða.
- Nota lyklaborð tölvu til að skrifa helstu greinarmerki í íslensku eins og punkt og spurningarmerki.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Skrifa stóran staf í upphafi setningar og eiginnafrns.
- Skrifa stutt orð og einfaldar setningar á læsilegan hátt, til dæmis stutt skilaboð eða setningar við mynd.
- Nýta tölvu og einföld forrit til að skrifa.

Viðaukar

Viðaukar
Hæfnipættir námsþátta
Leiðbeiningar til kennara

Hæfnipættir námsþátta

Lestur– þrep 1				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Heiti stafanna.				
Mun milli sérhljóða og samhljóða.				
Heiti tölustafanna.				
Gagnsemi snjalltækja og kennsluforrita við þjálfun í lestri.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Bera máhljóð íslensku stafanna rétt fram.				
Lesi frá vinstri til hægri.				
Lesi stutt og kunnugleg orð.				
Lesi einfaldar setningar.				
Lesi upphátt og í hljóði.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Tengja máhljóð saman og lesi stutt orð og einfaldar setningar.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Skrift– þrep 1				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Mun á stórum og litlum staf.				
Helstu greinarmerkjum í íslensku eins og punkti og spurningarmerki.				
Táknunum fyrir jafnt og, plús og mínus í ritmáli.				
Gagnsemi smáforrita og kennsluforrita við þjálfun í ritun.				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Skrifa stóra og litla bókstafi og tölustafi á læsilegan hátt.				
Skrifa á línu frá vinstri til hægri.				
Skrifa eigið nafn, heimilisfang, kennitölu og símanúmer.				
Skrifa stutt og kunnugleg orð á læsilegan hátt.				
Aðgreina orð með bil á milli orða.				
Nota lyklaborð tölvu til að skrifa stóra og litla bókstafi, tölustafi og gera bil á milli orða.				
Nota lyklaborð tölvu til að skrifa helstu greinarmerki í íslensku eins og punkt og spurningarmerki.				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Skrifa stóran staf í upphafi setningar og eiginnafns.				
Skrifa stutt orð og einfaldar setningar á læsilegan hátt, til dæmis stutt skilaboð eða setningar við mynd.				
Nýta tölvu og einföld forrit til að skrifa.				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Leiðbeiningar til kennara

Ólæsi fullorðinna innflytjenda birtist á margan hátt. Í fyrsta lagi geta fullorðnir námsmenn búið yfir nokkurri lestrar- og ritfærni á sínu móðurmáli (með annað letur en það latneska, t.d. taílenska, arabíska og singhalíska) en ekki þekkt latneska letrið. Slíkir námsmenn hafa reynslu af því að læra lestur og skrift sem nýtist þeim við að læra það á íslensku. Í öðru lagi eru þeir sem hafa aldrei lært að lesa eða skrifa á sínu móðurmáli og geta ekki notast við ritmál í námi sínu. Fyrir þá námsmenn tekur lestrar- og skriftarnám langan tíma og stöðuga þjálfun þarf til að árangur viðhaldist. Í þriðja lagi eru námsmenn sem hafa litla skólagöngu að baki og eru illa læsir og skrifandi á latneskt letur. Forsendur og geta til náms eru því einstaklingsbundnar.

Ólæsir fullorðnir hafa komist í gegnum lífið og jafnvel búið hér á landi árum saman án þess að geta lesið. Kennslan verður því að hafa skýran tilgang. Leitast skal við að þjálfna lestur, skrift og talnalæsi með því að nota algeng merkingarbær orð og nöfn úr umhverfinu eftir því sem færni námsmanna í lestri fleytir fram. Áhersla skal lögð á að nýta tölvu- og upplýsingatækni frá upphafi í náminu. Fullorðinn námsmaður sem ekki er læs, hefur oft lítinn orðaforða í íslensku. Miðað er við að kennslan fari fram á íslensku og ef orðaforðinn sem lærist er merkingarbær er árangurinn lestrar- og skriftarfærni auk meiri íslenskukunnáttu. Í upphafi þarf að kanna lestrar- og íslenskukunnáttu námsmanna og haga skipulagi og framkvæmd náms í samræmi við þarfir þeirra. Það er árangursríkt, sérstaklega fyrir þá sem hafa litla færni í íslensku, að lengja námið og flétta íslenskukennslu við aðra námsþætti námskrárinna. Í námskránni Íslenska fyrir útlendinga – grunnnám, sem er gefin út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu, er lagt til að ólæsir noti allt að 120 stundir til lestrarnáms og sama tímafjölda til að ljúka tveimur fyrstu íslenskuáföngunum samkvæmt námskrá ráðuneytisins.

Í lestrarkennslu þarf að leggja áherslu á eftirfarandi þætti: hljóðkerfis- og hljóðavitund, umskráningu, lesfimi, orðaforða, lesskilning og ritun. Lestrarkennsla þarf að byggjast á fjölbreyttum aðferðum sem hver um sig miðar að því að efla þessa færniþætti. Almenn er talið að hljóðaaðferðin sé fljótlegasta og árangursríkasta leiðin til að ná tökum á lestækni. Sú færni byggir á því að þekkja bókstafina og hljóð þeirra af öryggi til að vera fær um að lesa hratt og fyrirhafnarlaust úr bókstafstáknum ritmálsins. Mikilvægt er að höfða til lesskilnings samhliða hljóðrænni umskráningu þar sem orð festast í sjónrænu langtímaminni út frá framburði orðsins í tengslum við merkingu og mál- og setningarfræðilegt hlutverk þess. Bein tengsl eru á milli orðaforða og lesskilnings og milli lesskilnings og málskilnings. (Heimild: <http://lesvefurinn.hi.is>)

Hugtakið læsi hefur víða merkingu. Það vísar allt í senn til lesturs, ritunar og lesskilnings og almenn merking þess að vera læs felur í sér að einstaklingur getur nýtt sér lestur, lesskilning og ritun í daglegum viðfangsefnum. Læsi í yfirfærðri merkingu felur í sér að lesa og skilja almennt umhverfi sitt og samfélag. Fræðileg skilgreining á læsi felur í sér tvo meginþætti: Annars vegar færni í umskráningu og orðakennsl og hins vegar málskilning.



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

MENNTUN Á VINNUMARKAÐI